



Starfsáætlun skólaárið 2011-2012

Smáraskóli 2011

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	3
Stefnumörkun og leiðarljós Smáraskóla.....	3
Skólareglur	5
Dægradvöl.....	6
Matarmál.....	7
Öryggi nemenda.....	7
Samstarf heimila og skóla.....	8
Skólaráð	8
Foreldrafélag	9
Samstarf við leikskóla	10
Sérstakir viðburðir í skólanum	10
Tónlistarstarf	13
Félagsstarf nemenda	13
Nemendafélag.....	13
Stoðþjónusta.....	14
Sérkennsla.....	14
Skólahjúkrunarfræðingur.....	15
Sálfræðiþjónusta	15
Nemendaverndarráð.....	15
Talkennari	15
Áfallaráð	15
Einelti	16
Uppbyggingarstefnan.....	17
Námsmat	18
Sí- og endurmenntun	18

Hagnýtar upplýsingar

Smáraskóli tók til starfa 1994. Smáraskóli er heildstæður grunnskóli fyrir börn á aldrinum 6 - 16 ára. Hann er staðsettur í Smárahverfinu í Kópavogi, nánar tiltekið við Dalsmára 1, í næsta nágrenni við Íþróttahúsið í Smáranum. Kennsla stendur yfir virka daga frá kl. 8:10-15:00. Yngra stig (1.- 5. bekkur) mætir kl. 8:10 en nemendur á eldra stigi (6. – 10. bekkur) kl. 8:20. Skrifstofa skólans er opin frá 7:45 – 15:30 alla virka daga.

Heimilisfang: Dalsmári 1, 201Kópavogur

Sími: 515-5900

Fax: 554-6093

Netfang: smaraskoli@kopavogur.is

Heimasíða: www.smaraskoli.is

Skólastjóri: Friðþjófur Helgi Karlsson

Aðstoðarskólastjóri: Björg Baldursdóttir

Ritari: Þóra Elín Helgadóttir

Húsvörður: Haukur Hilmarsson

Fjöldi nemenda: 367

Fjöldi starfsmanna: 54

Sími í dægradvöl: 515 – 5905

Sími í félagsmiðstöð: 696 – 1624 (theba@itk.is)

Skólaárið 2011 - 2012 verða nemendur um 370 í 1.-10. bekk í 17 bekkjardeildum.

Aðstaða í Smáraskóla er mjög góð. Skólinn er hlýlegur og vel búinn kennslugögnum og tækjum. Hann nýtur góðs af nálægð við Íþróttahúsið en þangað sækja nemendur íþróttatíma sína. Skólasund fer fram í Kópavogslaug.

Skólinn er í fallegu umhverfi sem eykur möguleika á fjölbreyttri kennslu, s.s. útikennslu af ýmsu tagi. Útivistarsvæði er víða í nágrenni skólans og má þar nefna Kópavogsdalinn, íþróttasvæði Breiðabliks o.s.frv.

Heimasíða Smáraskóla hefur vefslóðina; <http://www.smaraskoli.is>. Foreldrar, nemendur og aðrir hafa greiðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Á vefnum er að finna tilkynningar frá skólanum, skóladagatal, fréttir, myndir úr skólalífinu o.fl.

Umsjón með heimasíðu skólans hafa ritari, skólastjórnendur og Geir Sverrisson, tölvuumsjónarmaður.

Stefnumörkun og leiðarljós Smáraskóla

Við viljum að öllum líði vel í skólanum jafnt börnum, starfsmönnum og foreldrum.

Við viljum að jafnvægi, kurteisi og virðing einkenni samskipti foreldra og starfsmanna skólans.

Við viljum að friður ríki í skólaumhverfinu.

Við tölum fallega hvert um og hvert við annað og sýnum hvert öðru hlýju.

Við erum jákvæð gagnvart skólanum og leggjum okkur fram við að skapa góðan skólabrag.

Við leggjum áherslu á tillitssemi og við hlustum hvert á annað.

Við reynum að vera réttisýn hvert við annað.

Við mótum okkur stefnu til að fara eftir og reynum að fylgja henni eins vel og aðstæður leyfa.

Leiðarljós Smáraskóla er virðing, vöxtur, vizka, og víðsýni. Við viljum hafa hlýlegt umhverfi og glaðlegt viðmót í skólanum. Við virðum rétt allra til þess að tjá eigin skoðanir og að þær séu virtar. Við stuðlum að því að nemendur læri að vinna á sjálfstæðan og gagnrýnn hátt í síbreytilegu þjóðfélagi. Við berum ábyrgð, höfum trú hvert á öðru og því sem við gerum.

Virðing – vöxtur – vizka – víðsýni

- Við berum virðingu fyrir sjálfum okkur og öðrum
- Við temjum okkur jákvæð samskipti
- Við sýnum öðrum traust og umhyggju
- Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar og eigum
- Við leggjum okkur fram við að skapa öruggt umhverfi
- Við sýnum umburðarlyndi og þolinmæði
- Við viljum styrkja sjálfsmynd okkar
- Við lærum að læra
- Við stefnum að hámarksárangri
- Við temjum okkur sjálfsaga og metnað
- Við nýtum tímann vel

Stefnumörkun eða sýn verður ekki að leiðarljósi skóla við það eitt að vera sett á blað. Stefnan er það sem einstaklingarnir hugsa og hún verður ekki sameiginleg hópi kennara, hvað þá heilu skólasamfélagi, nema meirihlutinn sé henni samþykktur, geri hana að sinni og fylki sér um þau gildi sem hún byggir á.

Skólareglur Smáraskóla

Almenn umgengni

Við göngum snyrtilega um skólann okkar.

Við förum úr útiskóm og setjum þá á sinn stað.

Við hengjum yfirhafnir á snaga.

Við neytum matar í nestis- og matartímum á viðeigandi stöðum.

Allir skulu hjálpast að við að hafa snyrtilegt í kringum sig og viðhafa góða borðsiði.

Samskipti og háttsemi

Við sýnum öllu starsfólki og hvert öðru kurteisi, tillitssemi og virðingu.

Við förum eftir fyrirmælum kennara og starfsfólks skólans.

Stundvísi og ástundun

Við mætum á réttum tíma í allar kennslustundir.

Við leggjum okkur fram við námið og sýnum metnað í að gera ávallt okkar besta.

Við mætum með viðeigandi námsgögn í kennslustundir.

Hollusta og heilbrigði.

Við komum vel úthvöld og með hollt nesti í skólann.

Við komum ekki með sæta drykki, gos eða sælgæti í skólann nema við sérstaklega auglýst tækifæri.

Við hvorki notum né höfum meðferðis; tóbak, áfengi eða önnur vímuefni á starfsvettvangi Smáraskóla.

Ábyrgð nemenda.

Við slökkvum á farsímum og öðrum hljóðgjöfum í kennslustundum og geymum ofan í skólatösku. Öll slík tæki eru á ábyrgð nemenda.

Við notum ekki hjól, vélhjól, hlaupahjól, hjólabretti eða línuskauta á skólalóð á skólatíma. Slík tæki eru á ábyrgð nemenda og foreldra.

Við förum ekki út af skólalóðinni á skólatíma nema með leyfi kennara.

Við komum ekki með eldfæri, hnífa eða annað í skólann sem getur skaðað nemendur eða aðra í skólanum.

Réttindi og skyldur.

Við eigum rétt á vinnufrið í kennslustundum.

Við stríðum ekki og **leggjum ekki í einelti**.

Við virðum og förum eftir settum reglum.

Allar skólareglur gilda einnig í öllum ferðum og skemmtunum á vegum skólans

Auk skólareglna saminn bekkjarsáttmáli sem gildir í hverjum bekk.

Nánari upplýsingar eru í handbók um skólareglur sem finna má á heimasíðu skólans

www.smaraskoli.is

Hjól, línuskautar og hjólabretti

Eins og áður hefur komið fram er notkun hjóla, vélhjóla, hlaupahjóla, hjólabretta eða línuskauta ekki leyfð á skólasvæðinu á skólatíma. Nemendur mega þó koma á hjólabrettum ef þeir læsa þeim við hjólastanda úti og nota ekki á skólatíma. Engin geymsla er í skólanum fyrir hjólabretti og þau geta ekki verið í fatahengjum stofanna vegna þrengsla. Skólinn tekur ekki ábyrgð á týndum eða skemmdum hjólabrettum. Nemendur hafa þau meðferðis á eigin ábyrgð. Ef nemendur eru á hjólabrettum viljum við hvetja til þess að þeir noti þartilgerðan hlífðarútbúnað.

Línuskautar og skór á hjólum eru hvorki leyfðir á lóð skólans né inni í honum.

Farsímar

Nemendur mega vera með farsíma í skólanum en óheimilt er að nota símann á skólatíma. Farsímar eiga að vera í skólatöskunni og slökkt á þeim þar til skólatíma lýkur. Ef nemandi virðir ekki þessar reglur má hann búast við að síminn verði tekinn af honum og þarf nemandinn þá að sækja símann til deildarstjóra eftir að skóla lýkur. GSM símar eru alfarið á ábyrgð nemenda.

Stundvísi og góð ástundun

Mikilvægt er að nemendur temji sér stundvísi og mæti vel í skólann. Kennarar skólans skrá ástundun nemenda í Mentor. Skólinn lítur svo á að þjálfun í stundvísi og mætingum sé undirbúningur undir lífið. Mikilvægt er að foreldrar hringi á skrifstofu skólans strax að morgni ef um veikindi eða önnur forföll er að ræða. Foreldrar geta sótt um leyfi í tvo daga til umsjónarkennara eða ritara. Þurfi nemendur leyfi í lengri tíma þarf að sækja um það skriflega á eyðublöðum sem liggja frammi í afgreiðslu skólans.

Forföll eða veikindi kennara

Ef um skammtíma forföll eða veikindi hjá kennara er að ræða, er kennari sem er ekki í kennslu á þeim tíma fenginn til að hlaupa í skarðið. Vegna niðurskurðar hjá Kópavogsbæ hefur þó ekki verið hægt að sinna forfallakennslu að fullu hjá elstu nemendum skólans. Hafa þeir nemendur fengið aðstöðu til að biða í skólanum eða fengið leyfi til að fara heim í eyðum.

Dægradvöl

Dægradvöl er opin alla skóladaga frá lokum skóladags til kl. 17.15. Einnig er opið á starfsdögum kennara.

Allar breytingar á viðveru barns þarf að tilkynna fyrir 20. hvers mánaðar. Greiða þarf mánuð fyrirfram.

Ásta Sigríður Guðnadóttir er forstöðumaður Dægradvalar.

Netfang: astasigga@kopavogur.is og sími 515 5905

Starfsemi Dægradvalar fer fram í austurálmú skólans. Börnunum er skipt niður í hópa eftir aldri og er hópstjóri með hverjum hópi. Hóparnir eru staðsettir víða um skólann.

Leitast er við að hafa starfið í Dægradvöl með öðrum áherslum en því sem fram fer í skólaumhverfinu en þannig að nemendur hafi af því bæði gagn og gaman. Starfsmenn leggja grunninn að starfinu á haustin.

Skipulag starfsins: Börnin eru skráð inn í Dægradvöl. Ef einhvern nemanda vantar er gengið úr skugga um hvort viðkomandi er veikur. Hringt er í forráðamann ef engin skýring finnst. Bæði umsjónarkennari og hópstjóri eru með nafnalista yfir nemendur sem fara í Dægradvöl fyrir hvern dag. Það er því mikilvægt að foreldrar láti alltaf vita um breytingar.

Börn í Dægradvöl fá svo síðdegishressingu í matsal skólans.

Markmið starfsins er:

- Að börn geti unað sér í skapandi umhverfi við leik og störf.
- Að þau læri að bera virðingu hvert fyrir öðru og temji sér almenna kurteisi.

Matarmál

Nemendum stendur til boða að kaupa heitan mat í hádeginu. Það er fyrirtækið Skólamatur sem selur hann. Allar upplýsingar og greiðsla áskriftar er að finna á heimasíðu þeirra: www.skolamatur.is Segja þarf upp áskrift skriflega. Matseðill er birtur á heimasíðu skólans. Brauð og fleira er selt til elstu nemenda í sölulúgu unglingsdeildar, Geithálsi.

Öryggi nemenda

Frímínútnagæsla

Gæsla er í frímínútum sem kennarar, stuðningsfulltrúar og skólaliðar sjá um. Deildarstjórar skipuleggja gæsluna og hafa með henni eftirlit. Stundartöflur eru þannig að yngri nemendur eru í frímínútum á öðrum tíma en eldri nemendur. Þannig er mun meira svigrúm á skólalóð, færri árekstrar og börnin njóta sín betur í leik. Ef foreldrar telja að barni þeirra líði einhverra hluta ekki vel í frímínútum eru þeir hvattir til að láta umsjónarkennara vita.

Allir nemendur eiga að fara út í frímínútur fyrir utan að nemendum í 8. – 10. bekk er það frjálst. Nauðsynlegt er að börnin séu klædd með tilliti til veðurs svo þau geti notið útiverunnar. Ef nemandi má ekki fara út en hefur heilsu til að mæta í skólann verður hann að koma með miða um það frá forráðamanni.

Óhöpp eða slys

Verði áföll eða slys á skólatíma er strax reynt að hafa samband við foreldra. Ef einhver bið er á að foreldrar geti komið gerir skólinn strax ráðstafanir við hæfi.

Óveður

Ávallt er neyðarúrræði að fella niður kennslu vegna veðurs. Foreldrar meta sjálfir hvort þeir telji hættulegt að senda börnin í skólann vegna veðurs en þeim ber að tilkynna það til skólans eins og önnur forföll. Ef óveður skellur á meðan nemendur eru í skólanum þurfa foreldrar að sækja börn sín eða tryggja þeim heimför í samráði við skólann.

Viðbragðsáætlun

Á heimasíðu skólans www.smaraskoli.is er viðbragðsáætlun vegna influensufaraldurs.

Samstarf heimila og skóla

Foreldrasamstarf er ákaflega mikilvægur þáttur í skólastarfi og hefur Smáraskóli notið krafta dugmikilla foreldra nemenda skólans á undanförunum árum. Óhætt er að segja að gott samstarf sé á milli heimilanna og skólans. Auk formlegs samstarfs og funda má nefna reglulegt samstarf milli umsjónarkennara og foreldra. Þar gegnir almenn tölvaunotkun mikilvægu hlutverki þar sem kennarar nota óspart tölvupósta en nánast allir foreldrar eru tölvutengdir. Ekki má gleyma vikulegum viðtalstímum kennara og skipulögðum foreldradögum. Auk þessa eru foreldrar velkomnir í skólann hvenær sem er án þess að gera boð á undan sér.

Foreldrasamstarf er einn af hornsteinum skólastarfsins. Uppeldis- og fræðsluhlutverk skóla þarf að leysa af hendi í nánú samstarfi við foreldra. Því ber að stuðla að því að hafa foreldrasamstarf sem mest og jákvæðast á öllum stigum skólans. Í nýjum grunnskólalögum nr. 91, 12. júní 2008 var kveðið á um breytingar á fyrirkomulagi samkvæmt 8. og 9. grein sem hér segir:

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Reglugerð um starfsemi skólaráða var sett af ráðherra í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra. Ráðið fundar að jafnaði mánaðarlega.

Veturinn 2011 – 2012 starfa í skólaráði Smáraskóla fyrir hönd foreldra þau Hjördís Sigurðardóttir hjordis.sig@gmail.com og Guðmundur Hafsteinsson gudmhafst@isl.is.

Til vara eru þær Elísabet Arndal og Ingibjörg Ólafsdóttir.

Fulltrúi grenndarsamfélagsins í skólaráði veturinn 2011-2012 er Andrés Pétursson ap@hi.is

Foreldrafélag

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð". Allir foreldrar/ forráðamenn nemenda eru félagar í foreldrafélaginu. Ef foreldrar/ forráðamenn vilja koma málum á framfæri við stjórnina er einfaldast að senda tölvupóst á viðkomandi.

Í stjórn foreldrafélags Smáraskóla skólaárið 2011 - 2012:

Margrét Hjaltadóttir formaður, margret.hj@hive.is

Sigrún Friðgeirsdóttir varaformaður, logiosigrun@internet.is

Halldóra Ólafsdóttir gjaldkeri, fiskar@internet.is

Kolbrún Pétursdóttir ritari, kolbrunhp@hotmail.com

Elísabet S. Arndal meðstjórmandi, elisabetsa@gmail.com

Í varastjórn sitja: Högni Hallgrímsson, Hjördís Sigurðardóttir og Guðmundur Hafsteinsson.

Bekkjjarfulltrúar: Tveir bekkjarfulltrúar koma frá hverjum bekk og er hlutverk þeirra m.a. að halda utan um bekkjarstarf í samráði við kennara og með þátttöku annarra foreldra og mæta á aðalfund foreldrafélagsins.

Nefndir: Ýmsar nefndir starfa á vegum foreldrafélagsins. Þær verða skipaðar af foreldrum/forráðamönnum nemenda.

Samstarf við leikskóla

Í Smáraskóla er gott samstarf við leikskólana Smárahvamm, Arnarsmára og Kjarrið. Þrjár heimsóknir eru yfir skólaárið. Í nóvember koma leikskólabörnin í heimsókn í skólann og þá syngja þau saman jólalög, búa til jólakúlu og eiga notalega stund saman. Í febrúar fara nemendur úr Smáraskóla í heimsókn til leikskólanna. Þriðja og síðasta heimsóknin er svo að vori. Leikskólabörnin koma með „hendur“ (teiknaðar eftir eigin höndum) og eru þær settar á vinatré sem börnin í Smáraskóla hafa útbúið.

Tréð er síðan á veggnum yfir sumarið og þegar leikskólabörnin koma aftur um haustið og byrja í skólanum geta þau fundið hendurnar sínar á trénu.

Sérstakir viðburðir í skólanum

Á skóladagatali koma fram þeir dagar sem nemendur eiga að sækja skóla, hvaða daga er vikið frá venjulegum skóladegi og hvaða daga nemendur fá leyfi.

Kynning á starfsáætlun

Í upphafi skólaárs, verður kynning fyrir foreldra á skólastarfinu. Bekkjarkennarar sjá um kynningarnar í sínum bekkjum.

Foreldraviðtöl

Kennarar eru með símaviðtalstíma daglega að lokinni kennslu. Ef þeir eru uppteknir tekur ritari skilaboð og kemur til þeirra. Umsjónarkennarar kalla til foreldra þegar þurfa þykir en

sérstakir foreldraviðtalsdagar hjá nemendum í 1. – 10. bekk eru 21. október og 1. febrúar. Þann 29. maí eru einnig foreldraviðtöl hjá nemendum í 1. – 5. bekk.

Samræmd könnunarpróf

4., 7. og 10. bekkur þreyta samræmd könnunarpróf í september. Nemendur í 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði dagana 22. og 23. En nemendur í 10. bekk þreyta próf í íslensku, ensku og stærðfræði 19. – 21. september

Skipulagsdagar

Á skipulagsdögum eiga nemendur frí en kennarar vinna að mati á skólastarfinu, áætlanagerð, undirbúningi og endurmenntun. Skipulagsdagar árið 2010 – 2011 eru 30. september, 11. nóvember, 3. janúar, 19. mars og 18. maí.

Vetrarfrí

Vetrarfrí er tvískipt, tveir dagar á hvorri önn. Skólinn er lokaður á þeim tíma og engin starfsemi fer þar fram. Vetrarfrí á haustönn er dagana 24. og 25. október og 23. og 24. febrúar á vorönn.

Fjölgreindarleikar Smáraskóla

Fjölgreindarleikar Smáraskóla verða haldnir 4. og 5. október. Þeir eru unnir eftir fyrirmynd frá Salaskóla í Kópavogi og eru hugsaðir sem góð og skemmtileg tilbreyting í skólastarfi. Nemendur skólans fá þar að kynnst utan bekkja og árganga. Með fjölgreindarleikunum er verið að sýna fram á að allir hafa sínar sterku hliðar og eigi að fá tækifæri á að njóta sín. Á fjölgreindarleikunum er reynt að vinna með allar greindirnar og skapa hverjum og einum skemmtileg og fjölbreytt verkefni.

Allir nemendur skólans taka þátt. Þeim er skipt í 40 hópa þvert á skólann. Hóparnir vinna á 40 mismunandi stöðvum, 20 stöðvum hvorn dag sem leikarnir standa yfir. Stöðvarnar eru bæði inni í skólabyggingunni og í íþróttahúsinu.

Hver hópur fær 10 mínútur á hverri stöð og til að koma sér á þá næstu, þannig að gera má ráð fyrir að unnið sé í u.þ.b. 8 mín á stöð.

Fyrirliðar úr 10. bekk eru skipaðir fyrir leikana og sjá um utanumhald á sínum hópi.

Stöðvarnar eru þannig uppbyggðar að sem allra flestir eigi möguleika á að taka þátt á hverri stöð.

Dagur íslenskrar tungu og þemadagar

Á degi íslenskrar tungu er hátíð á sal. Þá eru sungin þjóðleg lög, nemendur lesa ljóð og sýna atriði. Á þeim degi er Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekkjum Kópavogs sett formlega.

Í ár hittist þannig á að dagurinn er inn í þemaviku skólans. Þá daga er hfðbundið skólastarf brotið upp og nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum í misstórum hópum annaðhvort innan árganga eða þvert á þá. Ekki liggur fyrir hvaða efni verður tekið fyrir að þessu sinni. Verður það kynnt nánar þegar nær dregur.

Fullveldisdagurinn

Fullveldisdagurinn er haldinn hátíðlegur þann 1. desember eða sem næst þeim degi. Dagana fyrir sjálfan fullveldisdaginn vinna nemendur ákveðið verkefni í máli og myndum eða tónlist s.s. um sögu íslenska fánans, skjaldarmerki Íslands, Íslandsklukkuna, Jón Sigurðsson eða Jónas Hallgrímsson. Í tengslum við þessa vinnu er venjan að standa fyrir opnu húsi fyrir foreldra þar sem afrakstur vinnunnar er sýndur. Þá sjá 10. Bekkingar um veitingasölu og rennur ágóðinn í ferðasjóð þeirra.

Kirkjuferð. Hefð er fyrir því að nemendur gangi saman í Digraneskirkju snemma í desember. Ganga þá nemendur úr vinabekkjum saman, það er, 5. bekkingar leiða 1. bekkinga, 6. bekkingar leiða 2. bekkinga o.s.frv. Það er yndislegt að sjá hvað eldri nemendur eru oft natnir við þá yngri, gæta þeirra vel á leiðinni og aðstoða þá við að fara úr úlpum og skóm í kirkjunni. Í kirkjunni eru sungnir jólasálmar, nemendur standa fyrir tónlistarflutningi og jólaguðspjallið lesið.

Aðventa og litlu jól

Vikurnar fyrir jól er mikill spenningur í nemendahópnum. Hefð er fyrir því að nemendur í 7. bekk leiki hefðbundnu íslensku jólasveinana og oft sjá ungir nemendur á yngsta stigi til þeirra úr kennslustofum sínum þar sem þeir eru að paufast á skólalóðinni eða þeim bregður fyrir í dyragættinni. 6. bekkingar undirbúa helgileik með aðstoð umsjónarkennara sinna. Jólatónleikar nemenda hafa ávallt skipað stóran sess í jólaundirbúningnum og hafa tónmenntakennarar skólans borið hitann og þungann af þeirri hátíð með aðstoð umsjónarkennara og tæknimanna skólans. Jólatrésskemmtanir fara fram síðasta dag fyrir jól og eru tveir árgangar saman á hverri skemmtun. 7. bekkingar aðstoða við skemmtanirnar. Daginn fyrir jólatrésskemmtanir eru stofujól. Þá fá nemendur heitt súkkulaði inn í stofurnar, fá jólakort, heyra jólasögur o.fl. Það sama kvöld er hefðbundin jólaskemmtun á unglíngastigi.

Árshátíð

Árshátíð yngsta stigs og miðstigs er venjulega haldin s.hl. mars eða í byrjun apríl. Á yngsta stigi hittast nemendur á sal og njóta skemmtiatriða sem þeir hafa undirbúið. Miðstigið heldur hins vegar mót í félagsvist (og stundum skák) og eru veitt verðlaun fyrir góða frammistöðu. Á þessum degi koma nemendur með „sparinesti“. Árshátíð Þebu er kvöldin á undan og mæta þar þrúðbúnir nemendur 8. - 10. bekkja.

Íþróttadagurinn

Íþróttadagurinn er haldinn árlega, oftast í maí. Þá er nemendum skipt í hópa þvert á stig og boðið upp á ýmis konar leikjastöðvar í íþróttahúsunum Fífunni og Smáranum, s.s. boðhlaup, ratleik, gryfjubolta, skotbolta, og langstökk. Íþróttadagurinn hefur mælst vel fyrir hjá nemendum; það er tilbreyting að brjóta upp hefðbundinn skólalag og kynnast öðrum nemendum skólans í skemmtilegum verkefnum.

Vorhátíð - Smárahátíð

Vorhátíð skólans er yfirleitt haldin daginn fyrir skólaslit. Þá hefst dagurinn á skruðgöngu allra nemenda, þar sem yngstu bekkirnir eru fremstir og síðan koll af kalli. Yfirleitt hafa trommuleikarar skólans sem einnig eru í Skólahljómsveit Kópavogs slegið taktinn. Síðan skiptist hópurinn niður á hinar ýmsu stöðvar sem settar hafa verið upp á skólalóð skólans, s.s. skák, dans, andlitsmálun, reiptog og körfubolta. Nemendur fara stöð af stöð. Hátíðin endar á því að kennarar og nemendur borða saman grillaðar pylsur. Nemendur í 10. bekk eru aðstoðarmenn í grillinu og við stöðvarnar.

Ef illa viðrar er hátíðin færð inn í skólann.

Í fyrra héldu starfsmenn skólans og foreldrar ásamt velunnurum skólans veglega sumarhátíð sem kom í stað vorhátíðar skólans. Þótti hún takast afar vel og strax var farið að ræða um að halda næstu sumarhátíð hvort sem það verður næsta vor eða hvort ákveðið verður að halda slíka stórhátíð annað hvert ár á móti vorhátíð skólans sem lýst var hér að ofan.

Skólaslit

Skólaslit vorið 2012 verða miðvikudaginn 6. júní. Nemendur mæta í skólann með foreldrum sínum á skólaslit. Þriðjudagskvöldið 5. júní fer fram útskrift 10. bekkinga.

Fjallaferðir

Frá stofnun skólans hefur eitt af markmiðum skólans verið að efla útivistarhuga nemenda. Frá 1. bekk hafa verið farnar ferðir, styttri og lengri, oftast með gistinótt með það í huga að nemendur læri að fara í lengri gönguferðir og að sjá um svefnpokann sinn og útivistardót. Því miður hefur ástandið í þjóðfélaginu haft þau áhrif að dregið hefur úr möguleikum á að hægt sé að fara í slíkar ferðir en á þessu skólaári verður í það minnsta farið í 3 lengri ferðir með eldri nemendum skólans.

Nemendur í 8. bekk fara í „Laugavegsgöngu“ í ágúst, gist verður í þrjár nætur.

Nemendur í 7. bekk í skólabúðirnar að Reykjum og stendur sú ferð í fimm skóladaga og nemendur í 10. bekk fara í útskriftarferð í vor þar sem gist er í eina til tvær nætur.

Í samstarfi skólans og Foreldrafélagsins fara nemendur með foreldrum sínum í stuttar gönguferðir á fjöll, hóla eða hæðir í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Tónlistarstarf

Tónmennt.

Smáraskóli er ákafleg vel búinn rafmagnshljóðfærum og upptökutækjum. Því hefur tónmenntakennslan gjarnan borið keim af vinsælli tónlist nútímans. Tímarnir eru gjarnan verið notaðir í vinnu með hljóðfærin, sérstaklega á það við um nemendur í 5. – 7. bekk. En einnig er unnið söng eða hefðbundnari tónmenntanáms. Einnig hefur verið unnið með tölvur og tónlist.

Í vetur verður því miður aðeins að draga úr kennslutímamagni í tónmennt vegna fjárskorts og hagræðingaaðgerða.

Skólakór

Skólakór mun vera starfandi í skólanum í vetur líkt og síðasta vetur í tengslum við Dægradvöl skólans.

Skólatónleikar

Hefð hefur verið fyrir tvennum tónleikum á hverju skólaári, jólatónleikum og vortónleikum. Þetta byggist þó á aðstæðum hverju sinni og ekki síst möguleikum þess tónmenntakennara sem er að störfum hverju sinni.

Samstarf við tónlistarskóla/ Skólahljómsveit

Samstarf hefur verið við Tónlistarskóla Kópavogs vegna flautukennslu nemenda, en kennslan fer fram í skólanum og hafa blokkflautunemendur fengið tækifæri til að spila fyrir samnemendur sína. Ýmis önnur hljóðfærakennsla fer fram í skólanum á vegum Tónlistarskóla Kópavogs og Skólahljómsveitar Kópavogs. Tónsalir nýttu sér um skeið stofur í skólanum til kennslu en í framhaldi af stækkun Tónsala færðist öll kennslan þangað.

Skák

Skákkennsla við skólann hefur verið öflug og þá sérstaklega síðasta vetur. Skákkennsla hefur farið fram á bókasafninu og í tengslum við starf dægradvalarinnar. Skáksveitir skólans tóku þátt í nokkrum skákmótum yfir veturinn. Áhugi er fyrir því að efla skákáhuga nemenda og þjálfa þá enn frekar til dárða.

Félagsstarf nemenda

Félagsmiðstöðin í Smáraskóla heitir Þeba. Markmið í starfi félagsmiðstöðva er að veita unglingum aðstöðu til að stunda öflugt, skipulagt og uppbyggilegt tómstunda og félagsstarf undir handleiðslu fagfólks. Lýðræðis hugsjónin fái að njóta sín og unglingarnir hvattir til að koma virkir að innra starfinu, taki þátt í ákvörðunartöku og beri ábyrgð á því. Unnið sé markvist að forvörnum og fræðslu og lögð sé rækt við vináttu og virðingu. Fastur opnunartími félagsmiðstöðvanna fyrir nemendur í 8. – 10. bekk er mánudaga og miðvikudaga frá kl. 17:00 – 19:00 og 20:00 – 22:00. Einnig er opið annan hvern föstudag frá kl. 20:00 – 23:00. Opið er fyrir nemendur í 6. og 7. bekk einu sinni í viku.

Nemendafélag

Nemendafélag Smáraskóla starfar samkvæmt 10. grein laga um grunnskóla frá 12. júní 2008. Þar stendur:

„Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.”

Á yfirstandandi skólaári eru starfshættir þess og skipulag mótaðir í samráði við þá nemendur í 9. og 10. bekk sem eru við nám í valgreininum Félagsmálafræðsla og Árbók. Stefnt er að virkri þátttöku þessara nemenda í stefnumótun um verkvið þess og hlutverk í skólalastarfinu, þ.á.m. um hvernig fulltrúar skuli valdir til setu í stjórn Skólaráðs.

Stoðþjónusta

Sérkennsla

Í Smáraskóla er leitað allra leiða til þess að sem flest börn geti stundað nám við sitt hæfi í skólanum. Í sérkennslu eru námsþarfir nemandans greindar. Markmið eru sett fyrir hvern nemanda eða nemendahóp og kennsluáætlun gerð í samræmi við þroska, getu og námslega stöðu nemandans og er hún endurskoðuð reglulega. Námsefni og námshraði eru við hæfi hvers og eins. Skólinn leggur áhersla á markvisst og gott samstarf milli starfsfólks skólans og foreldra. Sérkennslan fer fram á skólatíma og er skipulögð í lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans.

Í sérkennslu felst m.a.:

- Gerð námsáætlunar fyrir einstaka barn eða hópa í samvinnu við umsjónarkennara og foreldra.
- Kennsla samkvæmt námsáætlun.
- Mat á árangri og regluleg endurskoðun á námsáætlun og kennslu.
- Ráðgjöf og samvinna við kennara.
- Ráðgjöf sem miðar að því að nám í bekk nýtist sem best.
- Ráðgjöf og samvinna við foreldra barna með sérþarfir.
- Greining á forsendum náms í íslensku (lestur og ritun) og stærðfræði.

Námsgögn fara eftir þörfum hvers og eins, ýmist námsgögn bekkjarins eða sérútbúin verkefni. Samræmi er á milli námsgagna og kennslumarkmiða í einstaklingsnámskrá.

Tilgangur námsmats í sérkennslu er að kanna hvort markmiðum námsáætlana fyrir einstaklinga eða nemendahópa hafi verið náð, þ.e.a.s. hvort kennslan hafi borið árangur og hvort breytinga sé þörf. Í sérkennslu fer fram símat, þ.e.a.s. námsmat fer fram jafnt og þétt og er þannig notað sem leiðsögn um framhaldið. Námsmat fer einnig fram í bekkjum nemendanna.

Börnum með lestrarörðugleika er boðið að þreyta próf munnlega og/eða fá lengri próftíma. Í samræmdum prófum er, að fengnu samþykki foreldra, sótt sérstaklega um frávík fyrir þá nemendur sem ekki ráða við venjubundna framkvæmd slíkra prófa.

Umsjónarkennarar sækja um sérkennslu fyrir þá nemendur sem þeir telja að þurfi á henni að halda. Foreldrar geta haft samband við umsjónarkennara og/eða sérkennara og beðið um sérkennslu fyrir börnin sín.

Skólahjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingur í 70% starfi er starfandi við skólann. Unnur Guðjónsdóttir er hjúkrunarfræðingur skólans.

Námsráðgjafi

Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda. Til hans geta þeir leitað án fyrirvara. Ingibjörg Bragadóttir er námsráðgjafi skólans.

Sálfræðiþjónusta

Sérkennarar og/eða skólastjórnendur leita eftir sálfræðiþjónustu eftir tilvísun frá kennara og að fengnu leyfi foreldra. Verksvið sálfræðings er mjög vítt en hann sinnir fyrst og fremst ráðgjöf og greiningum. Unnið er að ráðningu sálfræðings af hálfu menntayfirvalda í Kópavogi. Gert er ráð fyrir að sálfræðingur sé við frá 8:00 – 16:00 á mánudögum í vetur.

Talkennari

Talkennari kemur í skólann einu sinni í viku og vinnur með þeim nemendum sem þurfa á slíkri þjónustu að halda. Guðfinna Guðmundsdóttir er talkennari skólans. Er hún við á miðvikudögum frá kl. 8:00 – 14:00.

Nemendaverndarráð

Við Smáraskóla starfar nemendaverndarráð að velferð nemenda. Það er mikilvægur vettvangur kennara sem þurfa að leita stuðnings, samvinnu og ráðgjafar vegna vanda nemenda sinna. Nemendaverndarráð fjallar um mál einstakra nemenda. Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur sem eiga í vanda.

Skólaárið 2011-2012 sitja í nemendaverndarráði Smáraskóla: skólastjóri, námsráðgjafi, skólasálfræðingur, hjúkrunarfræðingur, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar.

Umsjónarkennarar eru kallaðir inn eftir þörfum. Allir starfsmenn skólans og forráðamenn nemenda geta vísað málum til ráðsins.

Nemendaverndarráð fundar ½ mánaðarlega á þriðjudögum og eru fundir færðir til bókar. Farið er með persónulegar upplýsingar samkvæmt reglum um meðferð trúnaðargagna.

Áfallaráð

Í áfallaráði eiga sæti:

Friðþjófur Helgi Karlsson , skólastjóri

Björg Baldursdóttir, aðstoðarskólastjóri

Unnur Guðjónsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

Ingibjörg Bragadóttir, námsráðgjafi
Emilía Sigurðardóttir, deildarstjóri yngsta stigs
Sálfræðingur skólans
Skólastjóri kallar saman áfallaráð og stýrir vinnu þess.

Hlutverk áfallaráðs:

Að sjá um að nemendur skólans fái viðeigandi þjónustu ef þeir verða fyrir áfalli.

Að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaut og ákveðið við þegar áföll hafa orðið s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð.

Að móta hverju sinni skýra og afdráttarlausu vinnuáætlun um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við í hverju einstöku tilviki. Mikilvægt er að hugað verði vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Við skipulag áfallahjálpar og viðbragða, þarf að hafa í huga alla þá einstaklinga sem koma að starfsemi skólans s.s. nemendur, aðstandendur, kennara, stjórnendur, skólaliða og starfsfólk í eldhúsi auk annarra í stoðþjónustu.

Að sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum og sjá til þess að kennarar og starfsfólk skólans fái stuðning og hjálp þegar þörf er á því.

Ítarleg áfallaáætlun hefur verið unnin í skólanum og er hún á heimasíðu skólans.

Einelti

Í Smáraskóla hefur verið unnin eineltisáætlun sem allir starfsmenn skólans hafa kynnt sér og vinna eftir. Hún er sýnileg á heimasíðu skólans.

Einelti er hugtak sem notað er yfir endurtekið áreiti, andlegt eða líkamlegt, sem bitnar á einum eða fleiri sem ekki geta varið sig. Talað er um gerendur og þolendur í eineltismálum. Ástæður eineltis eru eins margbreytilegar og gerendur eru margir. Það birtist á mismunandi vegu, stundum dulið, stundum augljóst. Einelti er ofbeldi sem skaðar þá sem í því lenda. Nauðsynlegt er því að hafa góða áætlun og úrræði skýr í baráttunni gegn því. Hér í Smáraskóla viljum við hafa öruggt umhverfi þar sem enginn nemandi þarf að óttast líkamlegt eða andlegt ofbeldi og allir geti gengið um frjálsir og óttalausir. Ítarleg og skýr áætlun um viðbrögð við einelti er á heimasíðu skólana.

Allir sem hafa vitneskju um hvers konar líkamlegt eða andlegt ofbeldi meðal nemenda ber að tilkynna það fyrst til umsjónarkennara. Vitneskja um einelti/ofbeldi getur komið frá nemendum, foreldrum eða starfsfólki skólans. Umsjónarkennari metur upplýsingar sem honum berast um eineltið og greinir málið samkvæmt skilningi skólans á því.

Ef líkamlegt eða andlegt ofbeldi hefur átt sér stað ráðfærir umsjónarkennari sig við formann eineltisráðs og/eða námsráðgjafa. Að því loknu er ferlið oftast þannig að umsjónarkennari:

- Ræðir við hlutaðeigandi nemendur og fer fram á breytt atferli. Upplýsir geranda um hve hegðun hans er alvarleg og gerir honum grein fyrir stefnu skólans í ofbeldismálum.
- Byggir upp traust og trúnað við þolanda/geranda og leiðbeinir þeim á uppbyggjandi hátt.
- Ræðir við foreldra geranda/þolanda og leitar eftir stuðningi þeirra til að fá fram breytingar á samskiptum og framkomu barnanna.
- Umsjónarkennari upplýsir samstarfsfólk sitt um stöðu mála svo það geti hindrað að einelti/ofbeldi eigi sér stað í skólaumhverfinu.

Eineltismál eru oftast erfið í meðförum og mikilvægt að umsjónarkennari geti sótt stuðning til starfsfólks skólans. Skólastjórnendur, formaður eineltisráðs, námsráðgjafi, sálfræðingur og samkennarar eru reiðubúnir til að veita stuðning og ráð á grundvelli þekkingar sinnar og reynslu á slíkum málum. Ef viðleitni umsjónarkennara til að stöðva eineltið ber ekki árangur getur hann vísað málinu til eineltisráðs. Það metur og ákveður framhaldið. Um fullan trúnað er að ræða við öll mál. Eftirtaldir aðilar utan skólans geta unnið með umsjónarkennara; foreldrar, félagsmálayfirvöld, sálfræðiþjónusta, sérfræðingar í eineltismálum.

Uppbyggingarstefnan

Uppbyggingarstefna er aðferðarfræði Diane Gossen og samstarfsfólks hennar við að breyta skólamenningu og agastjórnun og er einkum reist á kenningum William Glassers.

Meginatriðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust.

Uppbygging sjálfsaga leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

Uppbygging sjálfsaga hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum.

Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Uppbyggingarstefnan er viðtalstækni til að hjálpa fólki að öðlast hæfni til sjálfstjórnar og sjálfsaga. Á heimasíðu Smáraskóla eru tenglar þar sem hægt er að nálgast frekari upplýsingar um Uppbyggingarstefnuna og hvetjum við alla til að kynna sér hana.

Námsmat

Námsmat í Smáraskóla er fjölbreytt og í skólanámskrá skólans sem birt er á heimasíðunni, kemur fram hvernig því er háttað í hverjum árgangi fyrir sig. Elsta stig skólans (8. – 10 bekkur) hefur fjóra prófadaga að vori þar sem engin kennsla fer fram og nemendur mæta einungis til að taka próf. Stuðst er við símat, jafningjamat og leiðsagnarmat ásamt hefðbundnum könnunum.

Sí- og endurmenntunaráætlun starfsfólks Smáraskóla

Endurmenntunarverkefni skólans 2010 – 2012 verða sem hér segir:

1. **Menntun til sjálfbærrar þróunar** – stefnt er m.a. að því að kynnast verkefninu Grænfáninn og þeim skrefum sem skólinn þarf að taka til að draga Grænfánann að húni
2. **Útikennsla og grenndarnám** – markmið verkefnisins eru að allir kennarar skólans öðlist verklega færni til að fara með námið úr skólastofunni og nýta skólalóðina og hið frábæra nærumhverfi skólans til kennslu
3. **Uppeldi til ábyrgðar** – áframhaldandi innleiðing Uppbyggingarstefnunar þar sem samskiptin á milli einstaklinga byggjast á virðingu og trausti. Allt starfsfólk fái fræðslu og þjálfun í notkun hugmyndafræðinnar
4. **Skóli án aðgreiningar** – Markmið þessa verkefnis er að skoða jafnrétti í skólastarfinu og gera kennara og aðra starfsmenn meðvitaða um hvernig unnið er að jafnréttir í starfi og umgengni við nemendur skólans
5. **Fjölbreyttar námsaðferðir og námsmat** – stefnt er að því að auka verklega færni kennara í notkun fjölbreyttra kennsluáðferða og námsmats. Til að ná þessum markmiðum verður m.a. fræðsla um námsstíla.